



Reykjavík, 2.02.2022

Nr. MSS22010299

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 65/174, um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðingu neysluskammta) — 24. mál**

Í bréfi dags. 26. apríl sl. óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Reykjavíkurborgar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974. Var erindinu vísað til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg styður frumvarp til afgangavæðingar vörslu og neysluskammta heilshugar en vill um leið koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

Í 4.gr. frumvarpsins er lagt til að heilbrigðisráðherra skipi starfshóp til að hafa eftirlit með áhrifum og ávinningi af afgangavæðingu vörslu neysluskammta vímuefna. Reykjavíkurborg telur brýnt að í starfshópnum eigi sæti fulltrúar samtaka/grasrótarsamtaka og stofnana á vegum sveitarfélaga sem þjónusta vímuefnaneytendur. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa leggur til fulltrúa Rótarinnar – félag um velferð og lífsgæði kvenna, Frú Ragnheiði/Rauða krossinn og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar- VOR teymið sem aðstoðar fólk sem er heimilislaust og með vímuefnavanda og geðvanda.

Reykjavíkurborg vill ítreka ánægju sína með að unnið sé að mikilvægum og tímabærum breytingum á lögum nr. 65/174 um ávana- og fíkniefni.

Virðingafyllst,

f.h. mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar

Valgerður Jónsdóttir